

Fundargerð



1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Samlegð í ljósleiðaraverkefnum Árborgar og Flóa
- 1.2. **Dagsetning:** 21. febrúar 2018 **Fundartími:** 8:30
- 1.3. **Staður:** Efla, Höfðabakki 9
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kristinn Hauksson (KH), Reynir Valdimarsson (RV)

2. Dagskrá

- 2.1. Athuga jákvæð samlegaðaráhrif við lagningu á ljósleiðaraaðgangskerfum í Árborg og Flóahreppi

3. Umræður

- 3.1. Farið var yfir hönnun kerfanna tveggja á því svæði sem hugsanleg samlegð gæti átt sér stað.
- 3.2. Að sögn KH og RV liggur ekki fyrir hvert rekstrarfyrirkomulag og eignarhald verður á þeim kerfishluta (áfanga 1) sem fyrirhugað er að leggja í Árborg árið 2018. GD sagði að ákveðið væri að undirfélag Flóahrepps myndi eiga og reka sitt kerfi. Rekstrarfyrirkomulag kerfanna þarf að liggja fyrir áður en afstaða er tekin til flutninga tengistaða á milli kerfa svo að viðkomandi íbúum/eigendum tengistaða séu kynntar réttar forsendur tenginga.
- 3.3. GD óskaði eftir því að kerfið í Flóahreppi yrði haft í huga varðandi samtengingu við símsstöð Árborgar megin og að sú tenging gæti einnig nýst sem samtenging kerfanna tveggja.
- 3.4. KH og RV sögðu að fundur með Mílu væri fyrirhugaður næstu daga og fljótlega eftir það kæmi í ljós hver niðurstaða yrði varðandi eignarhald, samnýtingu innviða og rekstrarform á kerfinu í Árborg.
- 3.5. GD sagði stuttlega frá því fyrirkomulagi sem var viðhaft þegar Rangárþing ytra og Ásahreppur færðu tengistaði á milli kerfa. Samningur hefði verið gerður um hvern tengistað fyrir sig og meginmarkmiðið væri að slík aðgerð væri augljóslega hagkvæm fyrir báða aðila. Heppileg nálgun væri sú að hvort sveitarfélag fyrir sig reiknuðu út ætlaðan raunkostnað við tengingu á tilteknum tengistað. Þær tölur væru svo uppi á borðum og sanngjarnt endurgjald fundið svo bæði sveitarfélög gætu vel við unað. RV ætlar að lista upp þá tengistaði sem helst koma til greina og senda á fundarmenn.
- 3.6. Næsti fundur áætlaður þegar það sem snýr að nýtingu núverandi innviða, fyrirkomulag eignar og rekstur í Árborg hefur skýrst.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. RV listar upp tengistaði sem helst koma til greina í tilflutning á milli kerfanna.
- 4.2. Eftir að eignarhald, rekstur og nýting núverandi innviða hefur komið betur í ljós Árborgar megin verður fundað á ný.